Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi í Eddu, Arngrímsgötu 5, mánudaginn 5. maí 2025 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Jóhannes B. Sigtryggsson. Eva María Jónsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttir mættu ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Fundur fullskipaðrar málnefndar með ráðherra

Fundur með Loga Einarssyni ráðherra verður haldinn 15. maí í málstofuherbergi í Eddu á annarri hæð og hefst fundurinn kl. 13. Á fundinum verður m.a. rætt um hugmyndir nýrrar ríkisstjórnar um aðgerðir í málefnum íslenskrar tungu.

2) Málræktarþing 2025

Rætt var um undirbúning málræktarþingsins sem verður haldið í Eddu fimmtudaginn 25. september og um það hverjir skuli hljóta viðurkenningu Íslenskrar málnefndar árið 2025.

3) Önnur mál

Mjólkursamsalan mun endurtaka textasamkeppnina *Fernuflug* á komandi skólaári meðal nemenda í 8.–10. bekk. Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson og Ágústa Þorbergsdóttir munu verða Mjólkursamsölunni innan handar um val á verðlaunatextum.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 16.45.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.